

Útgáfa 2.1  
14. september 2026

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN  
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR

# Viðbragðsáætlun

**Viðbragðsáætlun  
þjónustumiðstöðvar**

**Höfundur: Sigurður Rúnar Karlsson**

# Efnisyfirlit

|           |                                            |           |
|-----------|--------------------------------------------|-----------|
| <b>1</b>  | <b>Inngangur</b>                           | <b>4</b>  |
| <b>2</b>  | <b>Staðhættir</b>                          | <b>5</b>  |
| <b>3</b>  | <b>Skilgreiningar</b>                      | <b>6</b>  |
| 3.1       | Óvissustig                                 | 6         |
| 3.2       | Hættustig                                  | 6         |
| 3.3       | Neyðarstig                                 | 6         |
| 3.4       | Afboðun                                    | 7         |
| <b>4</b>  | <b>Boðun</b>                               | <b>7</b>  |
| <b>5</b>  | <b>Stjórnkerfi</b>                         | <b>7</b>  |
| <b>6</b>  | <b>Verkefni viðbragðsaðila</b>             | <b>9</b>  |
| 6.1       | Brunaboðun                                 | 9         |
| 6.2       | Slys                                       | 9         |
| 6.3       | Náttúruvá                                  | 10        |
| 6.4       | Rýming/neyðarrýming                        | 11        |
| <b>7</b>  | <b>Skipulag boðanna</b>                    | <b>12</b> |
| <b>8</b>  | <b>Mót/yfirlitsmynd</b>                    | <b>13</b> |
| <b>9</b>  | <b>Breytingasaga</b>                       | <b>14</b> |
| <b>10</b> | <b>Viðaukar</b>                            | <b>15</b> |
| 10.1      | Tengiliðalisti verktaka                    | 15        |
| 10.2      | Tengiliðalisti verktaka vegna snjómoksturs | 15        |

## 1 INNGANGUR

Tilgangur viðbragðsáætlunar er að tryggja góð og rétt viðbrögð komi til hættu á vinnustað eða í umhverfi. Viðbragðsáætlun þjónustumiðstöðvar er áætlun fyrir starfsmenn og stjórnendur þjónustumiðstöðvar. Hún er leiðarvísir um þau hlutverk sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar eiga að sinna.

Hún er unnin í samráði við Almannavarnanefnd Grindavíkur og hluti af henni er í stærri áætlun almannavarnanefndar.

Yfirmaður þjónustumiðstöðvar ber ábyrgð á þessari áætlun.

### *Lög um almannavarnir*

**15. gr.** Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns.

### *Brunavarnir mannvirkja*

**23. gr.** Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.

Grindavík  
14. september 2026

## 2 STAÐHÆTTIR

### Staðsetning þjónustumiðstöðvar:

Þjónustumiðstöð er staðsett á Hafnargötu 24 í Grindavík. Húsnæðið er steinsteypt iðnaðarhús sem skiptist í tvær álmur. Austurálma hýsir stærri tæki og aðstöðu til viðgerða. Vesturálma hýsir bílasal, skrifstofu, kaffistofu og starfsmannaaðstöðu. Sunnan við húsið er geymsluport. Inngangar eru norðanmegin að Hafnargötu og flóttaleiðir einnig sunnanmegin út í port.

Vesturálma 331,3 m<sup>2</sup>

Austurálma 223,1 m<sup>2</sup>

**Samtals 554,4 m<sup>2</sup>**

### Starfsemi:

Þjónustumiðstöð sér um og rekur eftirtaldar deildir/verkefni. Starfssvæði þjónustumiðstöðvar er allt sveitarfélagið.

- Akstur rýmingarbifreiða Grindavíkur.
- Viðhald og rekstur fasteigna Grindavíkurbæjar.
- Viðhald og rekstur vatnsveitu (*kalt vatn*) og fráveitu Grindavíkurbæjar.
- Viðhald og rekstur allra gatna og götugagna.
- Viðhald og rekstur gatnalýsingar.
- Viðhald og rekstur opinna svæða, leikvalla og göngustíga.
- Viðhald og rekstur tölvukerfa.
- Snjómokstur og hálkuvarnir.
- Verkefnastjórn vinnuskóla yfir sumarmánuðina maí–ágúst.

### 3 SKILGREININGAR

#### Brunaviðvörunarkerfi

Þjónustumiðstöð, Hafnargötu 24, er vöktuð með brunaviðvörunarkerfi. Kafli 6.1 segir til um viðbrögð starfsmanna.

#### Slys

Kafli 6.2 segir til um viðbrögð ef slys verður á starfsstöð þjónustumiðstöðvar eða á starfssvæði hennar.

#### Náttúruvá

Kafli 6.3 segir til um viðbrögð ef náttúruvá verður.

#### Rýming/neyðarrýming sveitarfélagsins

Kafli 6.4 segir til um hlutverk starfsmanna þjónustumiðstöðvar komi til rýmingar í sveitarfélaginu.

### 3.1 ÓVISSUSTIG

#### Skilgreining:

Óvissustig er virkjað af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Þegar óvissustigi er lýst yfir er metið hvaða óvissa og hvaða hættu er fyrir hendi og það mat unnið með Almannavarnanefnd Grindavíkur.

Hlutverk þjónustumiðstöðvar er að tryggja viðbragð í náttúruvá og rýmingu samkvæmt áætlun.

**Við óvissustig eru rýmingarleiðir út úr hverfum opnaðar og þær settar í vetrarþjónustu. Þjónustumiðstöð ber ábyrgð á því verkefni.**

**Varabírfreiðar eru hafðar tiltækar og á númerum.**

### 3.2 HÆTTUSTIG

#### Skilgreining:

Hættustig er virkjað af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Þegar hættustigi er lýst yfir er metið hvaða hættu er fyrir hendi og það mat unnið með Almannavarnanefnd Grindavíkur og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Hlutverk þjónustumiðstöðvar er að tryggja viðbragð og rýmingu samkvæmt áætlun.

**Þjónustumiðstöð yfirfer rýmingarleiðir og tryggir aðgengi að þeim.**

**Bírfreiðar til rýmingar eru hafðar tiltækar öllum stundum.**

### 3.3 NEYÐARSTIG

#### Skilgreining:

Neyðarstig er virkjað af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Þegar neyðarstigi er lýst yfir er metið hvaða hættu er fyrir hendi og það mat unnið með Almannavarnanefnd Grindavíkur og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

**Hlutverk þjónustumiðstöðvar er að tryggja viðbragð í náttúruvá og rýmingu samkvæmt áætlun.**

**Starfsmenn fylgja viðbragðsáætlun og fyrirmælum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og vettvangsstjórnar.**

### 3.4 Afboðun

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra getur afboðað óvissustig, hættustig og neyðarstig.

## 4 BOÐUN

### Hver boðar, hverja, hvenær?

**Brunaboðun:** Brunaviðvörðunarkerfi Þjónustumiðstöðvar sendir boð vegna elds eða reyks til stjórnstöðvar Öryggismiðstöðvar sem boðar.

**Slys:** Næsti starfsmaður.

**Náttúruvá:** Yfirmaður Þjónustumiðstöðvar, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri, Almannavarnanefnd Grindavíkur og/eða almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

**Rýming/neýðarrýming:** almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Viðbragðsáætlun er virkjuð þegar boð berast frá eftirtöldum aðilum:

- Öryggismiðstöðinni.
- Lögreglustjóra.
- Slökkviliðsstjóra.
- Almannavarnanefnd Grindavíkur.
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.
- Sveitarstjórn.

## 5 STJÓRNKERFI

### Stjórnun Þjónustumiðstöðvar:

Yfirmaður ber ábyrgð á daglegu starfi Þjónustumiðstöðvar gagnvart sveitarstjórn. Þjónustumiðstöð heyrir undir umhverfis- og skipulagssvið.

### Starfsfólk Þjónustumiðstöðvar:

Í Þjónustumiðstöð starfa 4 starfsmenn í eftirtöldum stöðugildum:

- 100% Yfirmaður Þjónustumiðstöðvar og eigna- og veitustjóri.
- 100% Umsjónarmaður opinna og grænna svæða.
- 100% Vélamaður – kerfisstjóri tölvudeildar. Leið 1 (Leikskólinn Laut)
- 100% Starfsmaður – húsvörður. Leið 2 (Grunnskóli)

➤ Við stærri atburð má reikna með að starfsmenn sem eru í öðrum björgunareiningum verði ekki til taks.

### Búnaður:

Stærri búnaður sem þjónustumiðstöð hefur til umráða:

- Smárútur:
  - VW KOMBI (SE-G76) árgæð 2021 (1+7).
  - FORD TOURNEO CUSTOM (VN-H10) árgæð 2018 (1+7).

#### Samtals flutningsgeta 14 manns án bílstjóra.

- Merlo skotbómulyftari með göflum eða efnisskóflu.
- 2x Kubota smátraktorar með snjótönn.
- Holder traktor með saltara eða götusóp.
- Flokkabifreiðar:
  - Renault Master árgæð 2015, pallbíll (1+5), burðargeta 1.280 kg.
  - Renault árgæð 2008, pallbíll (1+3), burðargeta 1.460 kg.
  - Benz Sprinter árgæð 2014, pallbíll (1+3), burðargeta 840 kg.
- Vinnubílar:
  - VW Caddy (1+1) árgæð 2013.
  - VW Caddy (1+1) árgæð 2013.
  - VW Caddy (1+1) árgæð 2015.

### Vinnuverndarfulltrúi:

Starfsmaður er kjörinn vinnuverndarfulltrúi af samstarfsmönnum. Hann hefur yfirumsjón með endurskoðun og uppfærslu á viðbragðsáætlun í upphafi hvers árs.

Ábyrgð er í höndum yfirmanns.

Þorlákur Gíslason er vinnuverndarfulltrúi.

### Upplýsingaflæði:

Upplýsingum er miðlað með tölvupósti og á vinnufundum.

## 6 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA

### 6.1 Brunaboðun

#### Starfsmaður í húsi:

1. Fari brunabjalla í gang fer næsti starfsmaður að brunaviðvörðunarstöð og kannar hvaðan boð koma. Hann þarf að svara í símann við brunaviðvörðunarstöðina þegar vaktstöð Öryggismiðstöðvar hringir.
2. Staðfest er hvort eldur eða reykur sé í húsinu. Ef ekki er brunaviðvörðunarstöð endursett.
3. Sé eldur er hringt í 112 og húsið rýmt.
4. Starfsfólk safnast saman á söfnunarsvæði (mót), sjá kafla 8.

#### Húsið mannlaust:

1. Brunabjalla fer í gang.
2. Öryggismiðstöð hringir í tengiliði á lista sem hún hefur til umráða og sá aðili kannar aðstæður eins og ferillinn hér að ofan segir til um.
3. Utan vinnutíma hringir vaktstöð í 112 og í slökkvilið.
  - a. Slökkviliðið kannar aðstæður.
4. Staðfest er hvort eldur eða reykur sé. Ef ekki er brunaviðvörðunarstöð endursett.
5. Sé eldur er hringt í 112 og húsið rýmt.

### 6.2 Slys

#### Slys á starfsstöð eða á vettvangi.

- Sá sem fyrstur kemur að slysi sinnir hinum slasaða og kallar eftir aðstoð.
  - a. Hefur samband við 112 ef ástandið er alvarlegt.
    - i. Gefur 112 upplýsingar um hinn slasaða.
    - ii. Lýsir ástandi hins slasaða.
    - iii. Segir hvar viðkomandi er staddur.
  - b. Biður um aðstoð næsta starfsmanns sé þess kostur.
- Yfirgefið ekki hinn slasaða. Aðstoðarmaður tekur á móti sjúkrabíl.
- Mikilvægt er að rýma svæðið eins og unnt er svo sjúkraflutningamenn geti athafnað sig.
- Minniháttar slysum er sinnt með skyndihjálparbúnaði.
- Fylla skal út slysaskráningu að slysi loknu með vinnuverndarfulltrúa.
  - a. <https://island.is/tilkynning-um-vinnuslys>
- Yfirmaður er upplýstur um slysið.

## 6.3 Náttúruvá

Náttúruvá getur orðið án þess að til rýmingar komi. Náttúruvá getur til dæmis stafað af jarðskjálftum sem valda eignatjóni. Þessi ferill á við þegar ekki er um alvarlegt ástand á borð við rýmingu að ræða heldur eignabjörgun.

### • Fasteignir:

Þjónustumiðstöð tryggir að mannvirki í eignasjóði séu í lagi og kallar til viðgerða sé það brýnt.

#### • Lykilstofnanir eru í forgangi 1:

- Skólabýggingar og leikskólabýggingar.
- Fjöldahjálparstöðvar.
- Bæjarskrifstofur.
- Þjónustumiðstöð og slökkvistöð.

- Lokun á hluta fasteigna getur verið nauðsynleg meðan forgangsviðgerð stendur yfir.
- **Yfirmaður og eigna- og veitustjóri hefur yfirumsjón** með verkefninu og sér um að tryggingafélög komi að málinu strax í upphafi.
- Kallað er til verktaka á útkallslista ef það er utan hefðbundins vinnutíma.
  - Sjá kafla 10 um verktaka sem eru á útkallslista hjá Grindavíkurbæ.

### • Veitur:

Vatns- og fráveita er rekin af Grindavíkurbæ. Þjónustumiðstöð tryggir afhendingu á köldu vatni eftir bestu getu. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar hafa aðgang að lagnateikningum á prenti og stafrænt. Efni til viðgerða er til á lager vatnsveitu.

#### • Vatnsveita er í forgangi 1.

#### • Fráveita er í forgangi 2.

- Lokun á hluta veitukerfa getur verið nauðsynleg meðan forgangsviðgerð stendur yfir.
- **Yfirmaður þjónustumiðstöðvar/veitustjóri stýrir** verkefninu.
- Kallað er til verktaka á útkallslista ef það er utan hefðbundins vinnutíma.
  - Sjá kafla 10 um verktaka sem eru á útkallslista hjá Grindavíkurbæ.

### • Gatnakerfi:

Til gatnakerfis teljast t.d. götur, gangstéttir og gatnalýsing. Þjónustumiðstöð hefur umsjón með þessum eignum og tryggir að vegfarendur séu öruggir á ferðum sínum.

#### • Stofn- og tengigötur eru í forgangi 1.

#### • Húsagötur og gangstéttir eru í forgangi 2.

- Lokun á hluta gatnakerfis getur verið nauðsynleg meðan forgangsviðgerð stendur yfir.
- **Umsjónarmaður opinna og grænna svæða stýrir** verkefninu.
- Kallað er til verktaka á útkallslista ef það er utan hefðbundins vinnutíma.
  - Sjá kafla 10 um verktaka sem eru á útkallslista hjá Grindavíkurbæ.

### • Opin svæði og leiksvæði:

- Yfirfara þarf leiksvæði áður en þau eru tekin aftur í notkun.
- Opin svæði eru skoðuð með skemmdir og hættur í huga.
- **Opin svæði og leiksvæði eru í forgangi 3.**
- Lokun á hluta opinna svæða og leiksvæða getur verið nauðsynleg meðan forgangsviðgerð stendur yfir.
- Kallað er til verktaka á útkallslista ef það er utan hefðbundins vinnutíma.
  - Sjá kafla 10 um verktaka sem eru á útkallslista hjá Grindavíkurbæ.

## 6.4 Rýming/neyðarrýming

Rýming er boðuð af 112 fyrir hönd almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra/lögreglustjóra. Þessi hluti áætlunarinnar á við um rýmingu.

### Rýming íbúa:

Rýmingarþjálfarar eru notaðar við rýmingu á nemendum leik- og grunnskóla, ásamt börnum í æskulýðsstarfi, svo sem gestum þrumunnar, eða í skipulögðu íþróttastarfi fyrir börn sem UMFG heldur utan um.

Börn í skólum ganga fyrir og svo börn í æskulýðsstarfi. Ekki er mikil skörun á starfsemi skóla og æskulýðsstarfsemi.

### Virkjast við rýmingarboð frá 112 eða bein boð frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra:

#### Leið 1

- Leið 1 fer strax í Leikskólann Laut og sækir þar skjólstæðinga og einn starfsmann.
  - Móttökusvæði er við aðalinngang Leikskólans Lautar, Laut 1.
- Börn eru sótt og sett í barnabílstóla sem eru tiltækir í bílnum.
- Leið 1 flytur á safnstöð utan Grindavíkur, Golfskála GG vestan Grindavíkur.
- Endurtekur ferðir þar til öll börn hafa verið flutt, einnig úr grunnskólanum.
- Ef skólahald er lokað eru sótt börn í skipulagt æskulýðsstarf, í Íþróttamiðstöð og þrumuna.
  - Móttökusvæði er við aðalinngang Íþróttamiðstöðvar í suður, Austurvegi 1.
  - Móttökusvæði þrumunnar er við Grunnskóla, við dyr þrumunnar í norður við Skólabraut.

#### Leið 2

- Leið 2 fer strax að Grunnskóla við Ásabraut og sækir þar skjólstæðinga og einn starfsmann.
  - Móttökusvæði er við aðalinngang í suður við Ásabraut 2.
- Leið 2 flytur á safnstöð utan Grindavíkur, Golfskála GG vestan Grindavíkur.
- Endurtekur ferðir þar til öll börn hafa verið flutt.
- Ef skólahald er lokað eru sótt börn í skipulagt æskulýðsstarf, í Íþróttamiðstöð og þrumuna.
  - Móttökusvæði er við aðalinngang Íþróttamiðstöðvar í suður, Austurvegi 1.
  - Móttökusvæði þrumunnar er við Grunnskóla, við dyr þrumunnar í norður við Skólabraut.

### Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar sem ekki eru í mannbjörgun:

- Yfirmaður og eigna- og veitustjóri tryggir rekstur veitukerfa og rýmingu sinna starfsmanna.
- Aðrir starfsmenn sem ekki hafa hlutverk í mannbjörgun rýma út úr Grindavík.
- Starfsmenn fylgja viðbragðsáætlun og fyrirmælum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og vettvangsstjórnar.

7 SKIPULAG BOÐANNA

Tengiliðaskrá starfsmanna

| Nafn                    | Starfsheiti                                           | Sími     | Netfang                                                              |
|-------------------------|-------------------------------------------------------|----------|----------------------------------------------------------------------|
| Sigurður Rúnar Karlsson | Yfirmaður þjónustumiðstöðvar og eigna- og veitustjóri | 660-7302 | <a href="mailto:siggigh@grindavik.is">siggigh@grindavik.is</a>       |
| Bergsteinn Ólafsson     | Umsjónarmaður opinna og grænna svæða                  | 660-7322 | <a href="mailto:beggi@grindavik.is">beggi@grindavik.is</a>           |
| Örn Sigurðsson          | Starfsmaður – húsvörður                               | 660-7307 | <a href="mailto:orns@grindavik.is">orns@grindavik.is</a>             |
| Þorlákur Gíslason       | Vélamaður                                             | 660-7315 | <a href="mailto:torlakur@grindavik.is">torlakur@grindavik.is</a>     |
| Bakvakt Grindavíkur     | Öryggismiðstöðin                                      | 660-7343 | <a href="mailto:thjonusta@grindavik.is">thjonusta@grindavik.is</a>   |
| Slökkvilið Grindavíkur  | Slökkvistöð                                           | 426-8380 | <a href="mailto:slökkvilid@grindavik.is">slökkvilid@grindavik.is</a> |

8 MÓT/YFIRLITSMYND



Söfnunarsvæði (mót) eru merkt með grænum punkti.

## 9 BREYTINGASAGA

| Útgáfa     | Dagsetning | Skýringar / breytingar                                                                                                | Fært inn |
|------------|------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|
| Drög 0.1   | 5.2.2020   | Frumdrög                                                                                                              | SRK      |
| Útgáfa 1.0 | 18.2.2020  | Fyrsta útgáfa                                                                                                         | SRK      |
| Útgáfa 1.1 | 10.3.2021  | Búnaður og tengiliðir uppfærðir                                                                                       | SRK      |
| Útgáfa 1.2 | 4.11.2023  | Búnaður og tengiliðir uppfærðir, leið 4 fellur út.                                                                    | SRK      |
| Útgáfa 1.3 | 23.8.2026  | Starfsmenn uppfærðir, rýmingaráætlun leið 1 og 2.                                                                     | SRK      |
| Útgáfa 2.0 | 11.9.2026  | Yfirferð texta og uppsetningar, kaflanúmer og efnisyfirlit samræmd.                                                   | SRK      |
| Útgáfa 2.1 | 14.9.2026  | Stofnanaheiti, starfsheiti og útkallslisti samræmd, lykilstofnanir taldar upp. Starfsemi uppfærð, leið 1 og 2 víxlað. | SRK      |
|            |            |                                                                                                                       |          |
|            |            |                                                                                                                       |          |
|            |            |                                                                                                                       |          |
|            |            |                                                                                                                       |          |

10 VIÐAUKAR

10.1 Tengiliðalisti verktaka

Tengiliðalisti verktaka sem eru á útkallslista hjá Grindavíkurbæ.

| Flokkur                         | Fyrirtæki                    | Tengiliður                                             | Sími                 |
|---------------------------------|------------------------------|--------------------------------------------------------|----------------------|
| Jarðvinnuverktaki               | Guðlaugsson ehf              | Óskar Guðlaugsson<br>Jóakim Guðlaugsson                | 868-7902<br>866-2969 |
|                                 | GG. Sig ehf                  | Gísli Sigursson<br>Hörður Sigursson                    | 893-3024<br>780-7555 |
|                                 | Jón og Margeir ehf           | Jón Gunnar Margeirsson                                 | 840-1330             |
| Pípari                          | EHV ehf                      | Þorsteinn Einarsson                                    | 864-1331             |
|                                 | Lagnabjónusta Suðurnesja ehf | Þorfinnur Gunnlaugsson<br>Rúnar Helgason               | 868-8719<br>896-6691 |
| Rafvirki                        | TG Raf ehf                   | Bakvakt rafvirkja                                      | 692-3692             |
|                                 | Víkurafl ehf                 | Sími                                                   | 788-8258             |
| Götulýsing Vegagerðarinnar      | Bergraf ehf.                 | Skrifstofa<br>Guðmundur Jóhannsson<br>framkvæmdastjóri | 421-1112<br>892-2422 |
| Götulýsing Grindavíkurbæjar     | TG Raf ehf                   | Bakvakt rafvirkja                                      | 692-3692             |
| Húsasmiður                      | Verkás ehf.                  | Guðmundur B<br>Jóhannes V                              | 695-7361<br>860-8448 |
|                                 | Grindin ehf.                 | Magnús Guðmundsson<br>Björgvin Björgvinsson            | 893-2536<br>896-1725 |
| Loftræsting og hússtjórnarkerfi | Hitastýring hf               | Sigurður H. Sigurðsson<br>Sigurður Sigursson           | 660-1406<br>660-1414 |

10.2 Tengiliðalisti verktaka vegna snjómoksturs

Tengiliðalisti verktaka sem eru á útkallslista hjá Grindavíkurbæ vegna snjómoksturs.

| Svæði                                                                        | Fyrirtæki         | Tengiliður                              | Sími                 |
|------------------------------------------------------------------------------|-------------------|-----------------------------------------|----------------------|
| Hverfi 1 („Vestan Víkurbrautar og Víkurbraut“)<br>Götur og bílaplön          | HP flutningar ehf | Otti Sigmarsson<br>Sigmar Eðvarðsson    | 837-1118<br>893-3719 |
| Hverfi 2 („Austan Víkurbrautar og Þórkötlustaðahverfi“)<br>Götur og bílaplön | Guðlaugsson ehf   | Óskar Guðlaugsson<br>Jóakim Guðlaugsson | 868-7902<br>866-2969 |
| Hverfi óskilgreind<br>Hjólaskóflur og vörubílar                              | GG. Sig ehf       | Gísli Sigursson<br>Hörður Sigursson     | 893-3024<br>780-7555 |